



92. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

haldinn í Teams fjárfundarbúnaði miðvikudaginn 24. júní 2020 kl. 13:00

Fundinn sátu Gunnar Þorgeirsson, Eydís Indriðadóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Engilbert Olgeirsson Sigríður K. Viðarsdóttir fulltrúi FOMEL, Elín Una Jónsdóttir fulltrúi kennara, Sindri Bernholt fulltrúi nemenda, Halldór Páll Halldórsson skólameistari og Jóna Katrín Hilmarsdóttir áfangastjóri er ritaði fundargerð. Gestur fundarins var fjármálastjóri ML og gjaldkeri Mötuneytis ML, Ragnheiður Bjarnadóttir.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2019 til kynningar
2. Ákvarðanir um gjaldsetningar
3. Upplýsingar um innritun nýnema.
4. Önnur mál

1. Ársreikningur 2019 til kynningar.

Ragnheiður Bjarnadóttir kynni drög að ársreikningi Menntaskólans fyrir árið 2019. Engar athugasemdir voru gerðar af hálfu nefndarmanna við ársreikninginn.

2. Ákvarðanir um gjaldsetningar.

Skólameistari lagði fyrir nefndarmenn að taka ákvörðun um gjaldsetningu vegna skólaársins 2020-2021. Um er að ræða gjaldsetningu fyrir alla þá liði er falla á nemendur við skólann; mötuneytisgjald, þvottagjald, herbergjaleiga og fleira.

Í umræðu nefndarmanna var tekið tillit til þess að verðbólguvísitalan er nú um 3%. Sammæltust nefndarmenn að skynsamlegt sé að hækkanir séu í takti við vísitöluna og ákveðið á gjaldskrá fyrir alla liði skuli hækkuð um 3%.

3. Upplýsingar um innritun nýnema.

Jóna Katrín Hilmarsdóttir fór yfir helstu tölur varðandi innritun nýnema haustið 2020. Alls voru 59 nýnemar innritaðir og þar af einn inn á annað ár. Í ljósi mikillar aðsóknar í skólann var tekin sú ákvörðun að innrita 29 nemendur í hvort bekk á fyrsta ári. Líflæg umræða skapaðist um innritunarmál á meðal fundarmanna enda ánægjulegt að aðsóknin sé mikil og nemendahópurinn öflugur.

4. Önnur mál

Ekkert var fleira lagt fram á fundinum.



**MENNTASKÓLINN
AÐ LAUGARVATNI**

manngildi, þekking, atorka

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið 13:40.